

Fundur skipulags- og samgönguráðs 26. janúar 2022:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi íbúa við Hlemm – US220026

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fundinn verði staður fyrir djúpgáma við Hlemm. Við Hlemm býr fólks sem átt hefur í mesta basli með að koma frá sér sorpi. Einnig er lagt til að íbúum Hlemm verði gefið formlegt leyfi til að aka bíl sínum upp að dyrum til að afferma vörur/vistir eða ef flytja þarf þunga hluti inn á heimilið.

Greinargerð

Það eru engir djúpgámar fyrir íbúa sem búa við Hlemm til að koma frá sér rusli. Fyrir þá íbúa sem eiga bíla er ekki vitað hvort þeir megi aka með þungar og miklar vörur/vistir upp að dyrum sínum. Það eru leiðir og leyfi fyrir fyrirtæki að afferma vörur en hvar er leyfið fyrir íbúana. Nefnt hefur verið að við Fíladelfiukirkju sé sleppistæði í þessum tilgangi. En varla er ætlast til að þeir sem búi við Hlemm beri t.d. húsgögn eða aðrar þungar og umfangsmiklar vörur frá Fíladelfiustæðinu og niður á Hlemm.